

Langesbyggð
Langesvegur 2
680 Þórshöfn

Reykjavík, 26. júlí 2024
UST202406-246/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Langesbyggðar 2007-2027 vegna stækkunar á hafnarsvæði Þórshafnar og heildarendurskoðun á deiliskipulagi

Vísað er til erindis Langesbyggðar er barst 20. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Langesbyggðar 2007-2027 vegna stækkunar á hafnarsvæði Þórshafnar og heildarendurskoðun á deiliskipulagi fyrir svæðið.

Í greinargerð kemur fram breytingin gerir ráð fyrir stækkun á hafnarsvæði en minnkun á miðsvæði, vegna lengingar á hafnarkanti og aukinni uppbyggingu á hafnsækinni starfsemi á svæðinu. Auk þess kemur fram að athafnasvæði og hverfisverndarsvæði minnka og iðnaðarsvæði verður stærra.

Markmið með endurskoðun á deiliskipulaginu er að skapa góð skilyrði fyrir fiskihöfn og vinnslu á sjávarafurðum, m.a. með því að lengja hafnargarð/-kant og stækka hafnarsvæðið með landfyllingu sem gert er ráð fyrir í núgildandi aðalskipulagi, að bæta aðkomu að hafnarsvæðinu og gera umferð um svæðið skilvirkari, að styrkja hafnsækna starfsemi og skilgreina nýjar lóðir og byggingareiti fyrir fyrirhugaða uppbyggingu á svæðinu, að skapa áfram góð skilyrði fyrir smábátahöfn og að skilgreina gönguleiðir innan svæðisins og við aðliggjandi svæði.

Mengun hafna

Umhverfisstofnun bendir á að sumt efni í höfnum (oft dýpkunarefni) sem tekið er upp eða hreyft til getur verið mengað af þungmálmum, þrávirkum lífrænum efnum eða öðrum mengandi efnum sem getur haft neikvæð áhrif á m.a. lífríki.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um áhrif framkvæmdanna á lífríki þar sem gert verði ráð fyrir raski á botni hafnarinnar þó svo að svæðið hafið verið raskað áður.

Lög um stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um hvernig skipulagstillagan samræmist lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027.¹ Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar,

orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn). Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaaðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Stofnunin bendir á að öll strandsjávarhlot eiga að vera í að minnsta kosti góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Nái vatnshlot ekki umhverfismarkmiðum skal fara í aðgerðir til að draga úr álagi, leggja til mótvægisáðgerðir eða breytingar á framkvæmd til að tryggja gott ástand vatns. Umhverfismarkmið um ástand eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota ekki versna, hvorki tímabundið né varanlega.

Vatnshlotið sem um ræðir er strandsjávarvatnshlotið Hvanndalir að Digranesi nr. 102-1367-C og er ástand þess óþekkt vegna skorts á gögnum.¹

Áður en hægt er að veita leyfi fyrir framkvæmdinni er mikilvægt að framkvæmdaraðili meti áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðabætti sem skilgreindir hafa verið fyrir strandsjó til að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála.² Leyfisveitendum ber að taka afstöðu til áhrifamatsins við leyfisveitingarferlið. Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotið sem um ræðir, núverandi ástand þess og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðabætti sem eru notaðir til að ástandsmeta strandsjávarvatnshlot.³ Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðabættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.
- Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki).
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.

Gæðabættirnir sem skilgreindir hafa verið fyrir strandsjó eru nítrat, fosfat, blaðgræna, hryggleysingjar á mjúkum botni og botnþörungar á hörðum botni. Umhverfisstofnun

¹ <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/102-1362-C>

² [Umhverfisstofnun | Vöktunaráætlanir og skipulagning vöktunar \(vatn.is\)](#)

³ Upplýsingar um gæðabætti má finna í [Vatnaáætlun 2022-2027](#).

bendir á meta skuli áhrif framkvæmdarinnar á tegundafjölbreytileikastuðul (NQI stuðul) með aðstoð Hafrannsóknastofnunar.

Umhverfisstofnun bendir á að landfylling getur einnig haft áhrif á vatnsformfræðilega gæðabætti sem hafa þó ekki enn verið skilgreindir í strandsjó. Breytingar á vatnsformfræði geta valdið áhrifum á ofangreinda gæðabætti.

Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.

Auk þess vill Umhverfisstofnun benda á stöðuskýrslu fráveitumála þar sem fjallað er um fráveitumál á Þórshöfn en þar kemur fram að nú sé þar engin hreinsun en krafa er um viðeigandi hreinsun. Hreinsunarkröfur fyrir viðeigandi hreinsun fara eftir aðstæðum á hverjum stað en eiga í það minnsta að uppfylla kröfur í fylgiskjali 1 með reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.⁴

Landfylling

Umhverfisstofnun bendir á að ef gert er ráð fyrir opinni landfyllingu þá er um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að skv. OSPAR samningnum um verndun hafrýmis Norðaustur Atlantshafsins og 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi fyrir varpi í hafið.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með umsókn um varp í hafið þurfa að berast stofnunni upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.⁵

Umhverfisstofnun getur ekki veitt leyfi til varps í hafið vegna fyrirhugaðra framkvæmda nema sýnt verði fram á að efnið falli undir b-lið 9. gr., þ.e. að um sé að ræða náttúruleg, óvirk efni, og upplýsingar berist samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni að varp dýpkunarefna og náttúrulegra óvirkra efna í hafið, þ.e. fastra jarðefna, er háð leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.⁵

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað verði um hvernig fráveitumálum verði háttað. Samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála kemur fram að öll strandsjávarhlot skulu vera í a.m.k. góðu

⁴ [Stöðuskýrsla fráveitumála 2022](#)

⁵ https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/Leiðbeinandi%20reglur%20um%20meðferð%20dýpkunarefnis_des2016.pdf

vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Losun fráveituvatns er í strandsjávarhlotið Hvanndalir að Digranesi nr. 102-1367-C og er ástand þess óþekkt vegna skorts á gögnum.

Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar er engin hreinsun á fráveituvatni frá þéttbýlinu. Slíkt er ekki í samræmi við kröfur laga og veldur auk þess mikilli umhverfismengun. Í fráveituvatni í dag er ekki eingöngu lífrænt efni heldur einnig t.d. úrgangur, lyfjaleifar og örplast og því mikilvægt að ráðast í úrbætur sem fyrst.

Í samræmi við lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna skal setja fram fyrirætlanir um safnkerfi og sameiginleg hreinsivirki og áætlun send heilbrigðisnefnd.

Starfsleyfi

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur